

**Ed.**

**381. Nefndarálit**

um frv. til laga um sjóveitu í Vestmannaeyjum.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta er flutt af þm. Vestmannaeyinga að tilhlutun bæjarstjórnar Vestmannaeyjakaupstaðar. Nefndin er sammála um, að þess muni vera full þörf, að slíkri sjóveitu sé komið upp í Vestmannaeyjum, sem ráð er fyrir gert í frv., og sér ekki ástæðu til breytinga á einstökum greinum frv., enda er frv. komið frá Nd. og hafa á því verið gerðar nokkrar breytingar þar. Leggur því nefndin til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 11. apríl 1931.

Ingvar Pálmason,  
**form.**

Erlingur Friðjónsson,  
fundaskrifari og frsm.

Pétur Magnússon.